



Starfsgreinasambandið



**SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS**

Ársskýrsla LandsMenntar 2000-2001

Samantekt á starfsemi Landsmenntar, starfsmenntunar Samtaka atvinnulífsins og verkalýðsfélaganna á landsbyggðinni til ársloka 2001.

Inngangur:

Miklar breytingar hafa orðið á undanförunum áratugum, sem tengist alþjóðavæðingu efnahagslífsins, þróun í vísindum og tækni, breyttri aldursdreifingu mannfjöldans, auknum hreyfanleika vinnuafls og nýjum tækifærum sem felast í upplýsinga- og þekkingarþjóðfélaginu. Vegna þessa er stöðug endurnýjun þekkingar og þjálfunar nauðsynleg hverjum þeim sem tryggja vill stöðu sína í nútímasamfélagi.

Ætla má að einstaklingar með meiri menntun fái aukin tækifæri til betur launaðra starfa og eigi síður við atvinnuleysi að stríða.

Einnig má ætla að vinnustaðir sem sinna símenntun starfsfólks og stjórnenda séu samkeppnishæfari og samfélög sem leggja áherslu á góða menntun skapi betri lífsskilyrði og hagsæld.

Landsmennt:

Í tengslum við síðustu kjarasamninga í apríl árið 2000, var stofnað til starfsmenntunarsjóðs Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni. Sjóðurinn heitir LandsMennt og eru helstu verkefni hans að sinna stuðningsverkefnum og þróunar- og hvatningaráðgerðum í starfsmenntun, styrkja rekstur námskeiða og nýjungar í námsefnisgerð og veita einstaklingum, verkalýðsfélögum og fyrirtækjum styrki vegna starfsmenntunar. Einnig er stjórn sjóðsins ætlað að leita eftir viðræðum við stjórnvöld um fyrirkomulag fullorðinsfræðslu. Markmiðið er að treysta stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja.

Til þessa átaks í starfsfræðslumálum er varið samtals 140 milljónum króna á þremur árum (til loka ársins 2003) og koma 110 milljónir frá Atvinnuleysistryggingasjóði (hluti af tryggingagjaldi fyrirtækja) og 30 milljónir frá þeim verkalýðsfélögum sem eru aðilar að Landsmennt í gegn um Starfsgreinasamband Íslands en þau eru nú 40 talsins. Jafnframt var gerð sérstök bókun með samningi SA og VMSÍ (SGS) um fræðslu verkafólks af erlendum uppruna og bókun þar sem samningsaðilar hvetja menntayfirvöld til sérstaks átaks í grunnmenntun ófaglærðra á vinnumarkaði með því að bjóða annað tækifæri til náms svo að þeir megi auka menntun sína og ljúka skilgreindu námi.

Stjórn og starfsmaður:

Stjórn Landsmenntar er skipuð sex fulltrúum sem eru eftirfarandi:

Frá Samtökum atvinnulífsins:

- Ágúst Elíasson, formaður, framkvæmdastjóri Samtaka fiskvinnslustöðva.
- Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar
- Halldór Frímannsson, lögfræðingur frá Vátryggingafélagi Íslands.

Varamenn: Ragnar Árnason, starfsm. hjá Samtökum atvinnulífsins og Ingi Bogi Bogason, starfsm. hjá Samtökum iðnaðarins.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands:

- Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Vlf. Húsavíkur.
- Elínbjörg Magnúsdóttir, varaformaður Vlf. Akraness
- Hjördís Þóra Sigurbórsdóttir, formaður Vökuls, stéttarfélags.

Varamenn: Kristján Bragason, framkv.stj. Starfsgreinasambands Íslands og Hervar Gunnarsson formaður Vlf. Akraness.

Verkefnastjóri Landsmenntar er Kristín Njálisdóttir sem tók til starfa 1. janúar 2001. Verkefnisstjóri og stjórn héldu samtals 21 fund á fyrsta starfsári sjóðsins.

Helstu verkefni:

Verkefnisstjórnin ákvað fljótlega að skipta sjóðnum í tvo meginhluta, annars vegar einstaklingsstyrki vegna einstakra námskeiða og hins vegar styrki til stærri verkefna þar sem um væri að ræða samstarf fyrirtækja og verkalýðsfélaga í starfsmenntun, þ.e. skipulagning á heildarlausnum starfstengdra námskeiða á hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins. Þess ber að geta að gert var sérstakt samkomulag á milli samningsaðila um það að félagsmenn verkalýðsfélaga sem starfa hjá ríki eða sveitarfélagi geta einnig sótt einstaklingsstyrki í sjóðinn.

Landsmennt hefur komið að fjölmörgum verkefnum á þessu fyrsta starfsári og eru þau mjög mismunandi en fjölbreytt. Hægt er að flokka verkefni á eftirfarandi hátt:

- **Kynningar- og hvatningarstarf.** M.a. Vika símenntunar 2000 og 2001, Rafræn upplýsingaveita Menntar, vinnustaðafundir og fræðslufundir með stéttarfélagum.
- **Þróunarverkefni**, eins og t.d. ÚA-skólinn, Menntasmiðja AFLS og Fræðslunets Austurlands, Plastiðnaðarnám hjá SET, röraverksmiðju í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands, kennsluefni í starfstengdri íslensku fyrir erlent starfsfólk í fiskvinnslu í samvinnu við Fjölmenningu ehf. og Starfsafl.
- **Þarfagreiningar:** URF – undirstaða réttlig fundin. Greining á símenntun innan fyrirtækja í málm-véltækni og framleiðslugreinum í samstarfi við Fræðsluráð málmíðnaðarins, Samtök iðnaðarins, Félag járníðnaðarmanna, Starfsafl o.fl. MARKVISS – markviss uppbygging starfsmanna. Þarfagreining í þremur fyrirtækjum á landsbyggðinni í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Fræðslunet Austurlands og Farskóla Norðurlands Vestra, símenntunarmiðstöð.

Til viðbótar hefur Landsmennt í samvinnu við Starfsafl leitað eftir viðræðum við stjórnvöld um fyrirkomulag íslenskukennslu fyrir útlendinga sem starfa á Íslandi. Báðir starfsmenn sjóðanna sitja m.a. í starfshópi menntamálaráðuneytisins vegna þessa verkefnis.

Að öðru leiti fylgir hér með yfirlit (sjá töflu) yfir þau verkefni sem Landsmennt hefur styrkt eða lofað styrk og unnið að á tímabilinu. Á meðfylgjandi yfirliti eru 54 verkefni, stór og smá og er greint frá heiti verkefna ásamt umsækjendum og samstarfsaðilum. Af þessum 54 verkefnum hafa verið greiddir út styrkir fyrir ca. helming þeirra að heildarupphæð kr. 12.759.009.-

Einstaklingsstyrkir:

Greiddir hafa verið styrkir til 611 einstakl. til ársloka 2001 (219 karlar og 392 konur) að heildarupphæð kr 8.052.931.-

Þau námskeið sem styrkt hafa verið eru t.d. tungumálanámskeið, tölvunám, hagnýtt skrifstofunám, líkamsbeiting, sjálfsstyrking, vinnuvélanámskeið, aukin ökuréttindi og námskeið í eiturefnaflutningum svo eitthvað sé nefnt. Einnig hafa einstaklingar fengið styrki til þess að sækja almennt nám við öldungadeildir framhaldsskóla, nám við námsflokka eða kvöldskóla/ sveitarfélags og símenntunarmiðstöðvar þar sem um er að ræða nám sem jafnast á við almennt nám (tungumál, stærðfræði, tölvur o.s.frv.), Endurmenntun Háskóla Íslands (ekki tómsundanám) og aðrar fræðslustofnanir þar sem ekki er um að ræða beint tómsundanám. Hefðbundið tómsundanám getur stundum verið starfstengt og hefur sjóðurinn styrkt einstaklinga á t.d. ýmis handavinnunámskeið (starfsmenn elliheimila), matreiðslunámskeið (starfsmenn í mötuneytum) o.s.frv.

Einstaklingsstyrkirnir dreifast á þau 40 verkalýðsfélög sem aðild eiga að sjóðnum og sjá félögin alfarið um greiðslu styrkjanna en fá þá síðan endurgreidda frá Landsmennt. Stærstu og öflugustu félögin eins og t.d. Eining-Iðja, Vlf. Húsavíkur, AFL starfsgreinafélag Austurlands, Vlf. Akraness, Samstaða á Blönduósi, Aldan á Sauðárkróki og Vaka á Siglufirði eiga meirihlutann af úthlutun einstaklingsstyrkjanna en önnur smærri félög fylgja síðan fast á eftir.

Kynningar-og hvatningarstarf verkefnastjóra Landsmenntar:

Fyrir utan þau verkefni sem nefnd hafa verið hér að ofan þá hefur verkefnisstjóri Landsmenntar ferðast vítt og breitt um landið og heimsótt fjölda fyrirtækja, fræðslumiðstöðvar og stéttarfélög. Haldnir hafa verið sérstakir fræðslufundir í fyrirtækjum, bæði með forsvarsmönnum og síðan með starfsmönnum. Mikið og gott samstarf hefur verið við símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni. Þá hafa einnig verið haldnir sérstakir fræðslufundir fyrir stéttarfélögin og var verkefnisstjóri m.a. með kynningu á sjóðnum í tengslum við forystufræðslu Starfsgreinasamband Íslands.

Óhætt er að fullyrða að ófaglærðir starfsmenn hjá um 100 fyrirtækjum tengist þeim verkefnum sem sjóðurinn hefur nú þegar styrkt eða unnið að með einhverjum hætti og er fjöldi starfsmanna eitthvað á annað þúsundið þegar einstaklingsstyrkirnir eru teknir með.

Yfirlit yfir verkefni tímabilið 2000-2001

	Verkefni	Umsækjandi	Samstarfsaðilar
1	Almennt íslenskunám	Símenntunarm.Vest	Símenntunarmiðstöð Vesturlands
2	Almennt nám	Verkefnisstjórn	Próunarsetrið, Drifandi, Vinnuálastofnun
3	Byggingaverkamenn	Samningur	MFB, SGS, SI
4	Gæðastjórnun	Gunnólfur	Iðntæknistofnun, Gunnólfur
5	Íslenska fyrir útlendinga	Guðmundur Runólfs.	Fjölmennning, Símenntunarmiðst. Vest. Guðm.Runólfs.
6	MUS (Markviss uppbygging starfsmanna)	MSS	MSS, MENNT, Fræðslunet Al., Farsk. NI. + 6 fyrirt.
7	SAF þarfagreining	SAF	SAF, Starfsmenntaráð, Starfsafli (óafgreitt)
8	SAF þjónustunámskeið fyrir sumarstarfsfólk	SAF	SAF, Kvasir
9	Starfsmenntun í fataiðnaði	Samstaða	Ísprjón og Samstaða - stéttarfélag
10	Starfstengd íslenska fyrir fiskiðnað - þróun á námsefni	Samningur	Fjölmennning, Starfsafli
11	Tölvunámskeið	Vlf. Vaka	Verkalyðsfélagið Vaka, ýmis fyrirtæki á Sigluf.
12	Tölvunámskeið fyrir sérhæfða fiskvinnslumenn	Vlf.Akraness og HB	HB hf., Vlf. Akraness og Símenntunarmiðst. Vesturl.
13	Undirstaða réttlig fundin - þarfagreining	Samningur	Fæðsluráð málmíðn., Starfsmenntaráð, SGS, Efling
14	Upplýsingaveita um nám	Mennt	MENNT, Starfsmenntaráð, Starfsafli
15	Vegvísir á pólsku	Alþýðus. Vestfj.	Alþýðusamband Vestfjarða og Austfjarða
16	Vika símenntunar	Mennt	Mennt fyrir menntamálaráðuneytið
17	Viskubrunnurinn	Skref f. skref	Símei, Eining - Iðja, Skref fyrir skref, ÚA
18	Þjónustunámskeið fyrir hótél- og veitingastaði	Vlf. Húsavíkur	Verkalyðsfélag Húsavíkur, einstök fyrirtæki
19	Nmsk. f. ófaglært starfsfólk í sauðfjársláturhúsum	Hótél-og matvæðask.	Hótél- og matvæðaskólinn - Fjögur fyrirtæki innan SA
20	Nmsk. f. ófaglært starfsf. í sláturh. - stórgripaslátrun	Hótél-og matvæðask.	Hótél- og matvæðaskólinn - Fjögur fyrirtæki innan SA
21	Könnun á menntunarbörf í ferðaþjónustu	SAF	SAF (samskonar umsókn til Starfsafli og LÍV)
22	Námskeið í sérhæfðri skyndihjálpi fyrir bílstjóra	Samskip	Samskip, Rauði kross Íslands og Heilsuvernd
23	Starfstengt íslenskunám fyrir útlendinga	Frostfiskur(utan SA)	Fræðslunet Suðurlands og Fjölmennning
24	Starfstengt íslenskunám fyrir útlendinga	Pormóður-rammi	Fræðslunet Suðurlands og Fjölmennning
25	Starfstengt íslenskunám fyrir útlendinga	Fiskiðjan Bylgjan hf.	Fræðslunet Suðurlands og Fjölmennning
26	Starfstengt íslenskunám fyrir útlendinga	Vlf.Stjarnan+3 fyrirt.	Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Fjölmennning
27	Starfstengt íslenskunám fyrir útlendinga	Fiskiðjan Ver+3 fyrirt.	Fræðslunet Suðurlands og Fjölmennning
28	Sjálfstýrkingarnámskeið	Vlf.Stjarnan	MFA ásamt Fiskiðjunni Skagfirðingi
29	Námsk. í stjórn og meðferð vinnuvéla	Pormóður-rammi	Vinnueftirlitið
30	/Innra eftirlit, örverur og umgengni	Pormóður-rammi	Rannsóknarþj. Sýni
31	Örveir umgengni og þrif	Pormóður-rammi	Rannsóknarþj. Sýni
32	Vinnuvélanámskeið	Isl. Járblendifél	Iðntæknistofnun og VER
33	Námskeiðs fyrir starfsfólk í matvæðaiðnaði	MFA	MFA, Þorbjörn - Fiskanes hf. og Flugleiðir.
34	Niðurlagning steypu og mælingar við jarðvinnu	MFB	Menntafélag byggingariðnaðarins
35	Slátraranám	SS Afurðir	SS Afurðir ehf, Hótél og Matv.skólinn
36	Vinnuvélanámskeið	Ísfél. Vestmannaeyja	Iðntæknistofnun
37	SR-Mjöl hf. V/skyndihjálparnámskeið	SR-Mjöl hf.	Rauði kross Íslands
38	Innra eftirlit (haccp)	Miðfell hf.	Rannsóknarþj. Sýni
39	Skynmat	Miðfell hf.	Rannsóknarþj. Sýni
40	Úttektir og sannprófun á gæðakerfum	Miðfell hf.	Rannsóknarþj. Sýni
41	Nám í jarðlagnatækni	MFA	MFA
42	Námsk. Til varnar streitu	HB hf.	Haraldur Böðvarsson hf.
43	Tölvunámskeið-internet	Hraðfrystih. Eskifj.	AFL, starfsgr.fél.
44	Vinnuvélanámskeið	Vinnslustöðin hf.	Iðntæknistofnun
45	Löggildingarnámsk. Vigtarmanna	Vinnslustöðin hf.	Löggildingarstofnan
46	Kvikmyndagerð	Tetra Films	Vísao frá
47	Rétt meðhöndlun matvæla, matarsjúkd. Og forvarnir	Best-Fiskur ehf.	Rannsóknarþj. Sýni
48	Skyndihjálpi frá RKÍ	SR-Mjöl hf., Siglufirði	Rauði kross Íslands
49	Tölvunámskeið	Vlf.Grindavíkur	Ýmis fyrirtæki í Grindavík og MSS
50	Menntasmiðja AFLS og FNA	AFL og FNA	AFL, starfsgr.fél. Og Fræðslunet Austfjarða
51	Gæði í þína þjónustu	Íslandssaga hf.	Iðntæknistofnun og Matra
52	Þarfagreining	Íslandssaga hf.	Próunarsetur og Fræðslunet Vestfjarða
53	Tölvunámskeið	Vlf. Húsavíkur	Fiskiðjusamlag Húsavíkur
54	Starfstengd ísl. Fyrir útlendinga	BGB Snæfell hf.	Fjölmennning ehf.